Fullgild rafræn undirskrift
JÓN BJÖRN HÁKONARSON
Kennitala: 270173-3149
2022-08-31 10:47:28 GMT
Stjórn

Fullgild rafræn undirskrift
SIGURÐUR HAFSTEINN PÁLSSON
Kennitala: 160250-2919
2022-08-31 10:52:22 GMT
Stjórn

Fullgild rafræn undirskrift
JÓN EINAR MARTEINSSON
Kennitala: 030164-3939
2022-08-31 10:56:51 GMT
Stjórn

Fullgild rafræn undirskrift
VILHJÁLMUR GRÉTAR PÁLSSON
Kennitala: 211059-3629
2022-08-31 11:04:28 GMT
Sparisjóðsstjóri

Fullgild rafræn undirskrift
REYNIR STEFÁN GYLFASON
Kennitala: 200973-4109
2022-08-31 11:05:40 GMT
Endurskoðandi

Fullgild rafræn undirskrift
REGÍNA FANNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 131169-3379
2022-08-31 11:07:24 GMT
Stjórn

Fullgild rafræn undirskrift
JÓNA ÁRNÝ ÞÓRÐARDÓTTIR
Kennitala: 270577-5209
2022-08-31 14:48:11 GMT
Stjórn

# Sparisjóður Austurlands hf.

## Samandreginn árshlutareikningur
## 30. júní 2022

Sparisjóður Austurlands hf.
Egilsbraut 25
740 Neskaupstað
Kt. 621214-0630

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Eiginfjáryfirlit ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Sparisjóðs Austurlands hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur sjóðsins árið áður.

Hagnaður fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 nam 9,4 millj. kr. fyrir skatta og lögbundið 5% framlag til samfélagslegra verkefna. Framlag til samfélagslegra verkefna nam 0,5 millj. kr., skattar 1,9 millj. kr. og hagnaður tímabilsins því eftir skatta 7,1 millj. kr. Bókfært eigið fé í lok tímabils nam 972,5 millj. kr. og eiginfjárhlutfall sjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 24,14 %, en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Eiginfjárkrafa FME á sjóðinn í lok tímabils er 19,6%. Þess ber að geta að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands lauk mati á eiginfjárþörf Sparisjóðsins um miðjan júlí sl. og er niðurstaða þess að heildareiginfjárkrafan með eiginfjáraukum lækkar úr 19,6% í 19,0%. Sveiflujöfnunarauki mun hækka í 2,0% í september næstkomandi og mun heildareiginfjárkrafa á Sparisjóðinn þá hækka í 21,0%

Hlutafé sjóðsins nam í lok júní 2022 700,9 millj. kr. og skiptist á 95 aðila sem er óbreyttur fjöldi frá ársbyrjun.

**Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra**

Það er álit stjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Austurlands hf. að í árshlutareikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í lok tímabils, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu. Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Austurlands hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 með undirritun sinni.

Neskaupstað, 31. ágúst 2022

Stjórn: Sparisjóðsstjóri:

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Sparisjóði Austurlands hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Sparisjóðs Austurlands hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og sparisjóðsstjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 31.ágúst 2022

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2022

| | Skýr. | 2022<br>1.1. - 30.6 | 2021<br>1.1. - 30.6 |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur |  | 313.952 | 207.052 |
| Vaxtagjöld |  | ( 187.909 ) | ( 86.479 ) |
| **Hreinar vaxtatekjur** |  | 126.043 | 120.573 |
| Þjónustutekjur |  | 23.433 | 20.762 |
| Þjónustugjöld |  | ( 7.387 ) | ( 7.743 ) |
| **Hreinar þjónustutekjur** |  | 16.046 | 13.019 |
| Hreinn gengishagnaður |  | ( 537 ) | 655 |
| Aðrar rekstrartekjur |  | 755 | 2.751 |
| **Aðrar rekstrartekjur** |  | 218 | 3.406 |
| **Hreinar rekstrartekjur** |  | 142.307 | 136.998 |
| Laun og launatengd gjöld |  | 58.000 | 54.808 |
| Annar rekstrarkostnaður |  | 77.199 | 68.789 |
| Afskriftir |  | 6.394 | 4.356 |
| **Rekstrargjöld samtals** |  | 141.593 | 127.953 |
| Framlag í afskriftareikning útlána |  | 8.247 | ( 2.884) |
| **Hagnaður fyrir skatta** |  | 8.961 | 6.161 |
| Tekjuskattur | 3 | ( 1.886) | ( 12.297) |
| **Hagnaður/ (tap) tímabils** |  | 7.075 | ( 6.136) |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2022

| | Skýr. | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | | 1.459.619 | 1.519.886 |
| Kröfur á lánastofnanir | | 47.580 | 49.459 |
| Útlán til viðskiptamanna | | 6.256.563 | 6.098.998 |
| Fullnustueignir | | 3.000 | 3.000 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 7.865 | 10.452 |
| Fjárfestingaverðbréf | | 401.882 | 0 |
| Rekstrarfjármunir | | 49.421 | 51.123 |
| Óefnislegar eignir | | 82.717 | 86.371 |
| Skatteign | 3 | 9.689 | 11.575 |
| Aðrar eignir | | 16.583 | 5.760 |
| **Eignir samtals** | | 8.334.919 | 7.836.624 |
| **Skuldir** | | | |
| Almenn innlán | | 7.294.225 | 6.789.653 |
| Aðrar skuldir | | 68.166 | 81.518 |
| Skuldir samtals | | 7.362.391 | 6.871.171 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 700.887 | 700.887 |
| Lögbundinn varasjóður | | 26.457 | 26.457 |
| Óráðstafað eigið fé | | 245.184 | 238.109 |
| Eigið fé samtals | 4 | 972.528 | 965.453 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 8.334.919 | 7.836.624 |

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2022

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Breyting á eigin fé á árinu 2022** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2022 | 700.887 | 26.457 | 238.109 | 965.453 |
| Hagnaður tímabils | | | 7.075 | 7.075 |
| Eigið fé 30. júní 2022 | 700.887 | 26.457 | 245.184 | 972.528 |
| **Breyting á eigin fé á árinu 2021** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2021 | 700.887 | 23.977 | 215.789 | 940.653 |
| Hagnaður ársins | | | 24.800 | 24.800 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | | 2.480 | ( 2.480) | 0 |
| Eigið fé 31. desember 2021 | 700.887 | 26.457 | 238.109 | 965.453 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar - 30. júní 2022

| | 2022<br>1.1. - 30.6 | 2021<br>1.1. - 30.6 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hagnaður tímabils | 7.075 | ( 6.136) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Hreinar vaxtatekjur | ( 126.043) | ( 120.573) |
| Gengismunur | ( 537) | ( 655) |
| Virðisrýrnun útlána | ( 8.247) | 2.884 |
| Skatteign, breyting | 1.886 | 12.297 |
| Söluhagnaður fullnustueigna | 0 | ( 1.000) |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 6.394 | 4.356 |
| | ( 119.472) | ( 108.827) |
| Útlán og kröfur, breyting | ( 119.076) | ( 176.932) |
| Fullnustueignir, breyting | 0 | 20.000 |
| Fjárfestingaverðbréf, breyting | ( 401.882) | 0 |
| Aðrar eignir, breyting | ( 10.823) | ( 9.933) |
| Innlán, breyting | 355.976 | ( 20.966) |
| Aðrar skuldir, breyting | ( 13.352) | ( 28.735) |
| | ( 308.629) | ( 325.393) |
| Innheimtir vextir | 283.710 | 201.659 |
| Greiddir vextir | ( 38.064) | ( 82.829) |
| Handbært fé (til) rekstrar | ( 62.983) | ( 206.563) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | ( 1.037) | ( 13.000) |
| Sala á eignarhlutum í öðrum félögum | 2.587 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | 1.550 | ( 13.000) |
| **Lækkun á handbæru fé** | ( 61.433) | ( 219.563) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 1.569.345 | 1.506.830 |
| **Áhrif gengisbreytinga á innistæður í erlendri mynt** | ( 713) | ( 821) |
| **Handbært fé í lok tímabils** | 1.507.199 | 1.286.446 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sjóðinn

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Austurlands hf. Heimilisfang sjóðsins er að Egilsbraut 25, Neskaupstað.

Sjóðurinn starfar samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur sjóðsins er að stunda sparisjóðsstarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum. Fjármálaeftirlit SÍ hefur eftirlit með sjóðnum á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samfélagslegt hlutverk sjóðsins er að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og almenna velferð á starfssvæði sínu.

Stjórn sjóðsins og sparisjóðsstjóri staðfestu árshlutareikninginn þann 31. ágúst 2022

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eru færð á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stjórnendur sjóðsins hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins og hafa eðlilegar væntingar um að sjóðurinn hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi rekstrar. Ársreikningurinn er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Árshlutareikningur sparisjóðsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við fullbúinn ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021.

### b. Matsaðferðir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað. Matsóvissan felst fyrst og fremst í ákvörðun um niðurfærslu vegna útlána sjóðsins.

Við gerð árshlutareikningsins notuðust stjórnendur við sömu aðferðir við mat og ákvarðanir og við gerð ársreiknings sjóðsins árið 2021.

## 3. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | | 30.6.2022 | | 30.6.2021 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir skatta ...................................... | | 8.961 | | 6.161 |
| Tekjuskattur af afkomu ársins ......................... | 20,0% | 1.792 | 20,0% | 1.232 |
| Ófrádráttarbær gjöld ....................................... | 1,0% | 94 | 0,1% | 65 |
| Breyting á áætlaðri nýtingu tekjuskattseignar .. | 0,0% | 0 | 0,0% | 11.000 |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi ........ | 21,0% | 1.886 | 20,0% | 12.297 |

Skattur í efnahagsreikningi greinist þannig:

| | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Skatteign í byrjun árs ........................................................................................... | 11.576 | 28.111 |
| Reiknaður tekjuskattur tímabils ........................................................................... | ( 1.886) | ( 16.535) |
| Skatteign í lok tímabils ......................................................................................... | 9.689 | 11.576 |

## 4. Eigið fé

Eigið fé í lok tímabils nam 972,5 millj. kr. eða 11,7% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 24,14% en má lægst vera 8,0%. Eiginfjárkrafa með eiginfjáraukum er 19,6% miðað við 30. júní 2022. Fjármálaeftirlitið hefur nýlokið við mat á eiginfjárþörf sjóðsins samkvæmt svonefndu SREP ferli. Lágmarkskrafa FME er nú 14,1% og með eiginfjáraukum verður hún 19,0% og lækkar því um 0,6%. Sveiflujöfnunarauki mun hækka í 2% í september og við það mun heildarkrafan hækka í 21,0% Eiginfjárkrafa FME til sjóðsins greinist þannig í lok uppgjörstímabils.

| | **30.6.2022** |
|---|---|
| Lágmarkskrafa FME | 14,10% |
| Verndunarauki | 2,50% |
| Kerfisáhættuauki | 3,00% |
| Sveiflujöfnunarauki | 0,00% |
| Samanlögð krafa | 19,60% |

| Eiginfjárhlutfall reiknast þannig: | **30.6.2022** | **31.12.2021** |
|---|---|---|
| Heildar eigið fé | 972.528 | 965.453 |
| Skatteign | ( 9.689) | ( 11.575) |
| Óefnislegar eignir | ( 82.717) | ( 86.371) |
| Eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum | ( 7.533) | ( 7.533) |
| Eiginfjárgrunnur samtals | 872.589 | 859.974 |
| Heildar áhættuskuldbindingar skiptist þannig: | | |
| Útlánaáhætta | 3.040.710 | 2.785.500 |
| Markaðsáhætta | 2.875 | 9.382 |
| Rekstraráhætta | 570.525 | 570.525 |
| Eiginfjárkrafa samtals | 3.614.110 | 3.365.407 |
| Eiginfjárhlutfall | 24,14% | 25,55% |

### Vogunarhlutfall

Fjármálafyrirtæki skal skv. 30. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 uppfylla kröfur um vogunarhlutfall. Vogunarhlutfall sjóðsins í lok tímabils er 10,5% en samkvæmt lögunum skal vogunarhlutfall ekki fara undir 3%.

| Vogunarhlutfallið reiknast þannig: | | |
|---|---|---|
| Eigið fé þáttar 1 | 872.589 | 859.974 |
| Áhættuskuldbindingar: | | |
| - Liðir innan efnahags | 8.336.802 | 7.836.624 |
| - Liðir utan efnahags | 105.517 | 93.810 |
| - Frádráttarliðir eiginfjárþáttar 1 | ( 99.939) | ( 105.479) |
| Heildaráhættuskuldbindingar | 8.342.380 | 7.824.955 |
| Vogunarhlutfall | 10,5% | 11,0% |

## Skýringar, frh.:

### 5. Tengdir aðilar

Sjóðurinn hefur skilgreint samband tengdra aðila sem stjórn sjóðsins, sparisjóðsstjóra og nánustu fjölskyldu þeirra einstaklinga sem falla þarna undir. Einnig hefur verið skilgreint samband við einingar með umtalsverð ítök hjá stærstu hluthöfum sjóðsins. Viðskipti við tengda aðila eru á armslengdargrunni.

| | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Útlán ............................................................ | 162.105 | 179.425 |
| Innlán ............................................................ | 375.076 | 367.746 |

Vaxtakjör útlána og innlána tengdra aðila eru sambærileg við vaxtakjör annarra viðskiptamanna sjóðsins.

### 6. Veðsettar eignir

Sjóðurinn hefur sett bundið innlán að veði til fullnustu skuldbindingum Sparisjóðsins í greiðslukerfum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma að fjárhæð 141,1 millj. í lok uppgjörstímabils. Aðrar eignir sjóðsins eru ekki veðsettar.

### 7. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

***Ábyrgðir og ónotaðar yfirdráttarheimildir***

Sjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

| | 30.6.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna ........................................ | 38.511 | 30.644 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir og kortaheimildir ................................. | 445.339 | 469.831 |
| | 483.850 | 500.475 |